

Grænir iðngarðar í Skagafirði

Samantekt KPMG fyrir Sveitarfélagið Skagafjörður

KPMG Ráðgjöf

—

Ágúst 2022



© [year] [legal member firm name], a [jurisdiction] [legal structure] and a member firm of the KPMG global organization of independent member firms affiliated with KPMG International Limited, a private English company limited by guarantee. All rights reserved.

Efnisyfirlit

- 3 Samantekt
- 8 Grænir iðngarðar
- 20 Staða innviða og uppbyggingarpörf
- 33 Fýsileiki og aðgerðir
- 40 Viðauki

Tengiliðir KPMG

Steinþór Pálsson

✉ steinthorpalsson@kpmg.is

☎ 545 6230

Hafþór Ægir Sigurjónsson

✉ hsigurjonsson@kpmg.is

☎ 545 6321

Fyrirvari:

KPMG hefur unnið samantekt þessa fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Fjallað er um græna iðngarða, settar fram tilgátur um slíka garða, stöðu innviða og þörf fyrir uppbyggingu auk lykilskrif í átt að árangri.

Vinna KPMG er byggð á gögnum frá sveitarfélaginu, ýmsum opinberum skýrslum og fræðigreinum auk viðtala við forsvarsmenn fyrirtækja á svæðinu.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem verða teknar á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra er að málinu kunna að koma.

01

Samantekt

Grænir iðngarðar í Skagafirði

Tilgátur um græna iðngarða í Skagafirði



Grænir iðngarðar í Skagafirði hagnýta endurnýjanlega orku svæðisins, leiða orkuskipti og samþætta iðnað, sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu með sjálfbærum hætti.”



Hagnýting endurnýjanlegrar orku, sjálfbær ferðaiðnaður og landbúnaður

- Nýting á heitu vatni í Fljótum –baðstaður, hitaveita og landeldi
- Þörungarækt á Hólum

Leiðandi í orkuskiptum - sjálfbær sjávarútvegur og iðnaður - miðstöð Sauðárkrókur og nágrenni

- Almennur iðnaður
 - Steinull
 - Steypustöð
 - Alor – álraflöður
 - Koltrefjar
- Afurðavinnsla og fullvinnsla, s.s. gæludýrafóður og biogas
- Ostagerð - Etanól/Metanól
- Útgerð og landvinnsla – fiskur og rækja

Hagnýting á jarðhita og nálægð við dreifikerfi raforku – miðstöð Varmahlíð, Steinstaðir og nágrenni

- Garðyrkja - matvælamarkaður
- Trjárækt og hagnýting skógarafurða
- Gagnaver

Þýðing Grænna iðngarða fyrir sveitarfélagið

Áhrif stefnu og sjálfbærnumgjörðar

Sterk vegferð í átt að sjálfbærni getur haft jákvæð áhrif á sveitarfélög.

- Bætt ímynd svæðisins
- Eftirsóknarverður vinnustaður í Skagafirði
- Eftirsóknarvert að búa í sveitarfélagi
- Unnið í takt við tíðarandann og stefnur stjórnvalda

Áhrif lykilverkefna

Mikilvæg verkefni í uppbyggingu Grænna iðngarða geta bætt aðgengi að auðlindum

- Ný hitaveita og bætt vatnsveita, möguleg raforkuvinnsla
- Skógrækt sem bætir ásýnd svæðisins og sjálfbær iðnaður
- Fleiri fyrirtæki og stærra atvinnusvæði
- Aukin efnahagsleg umsvif
- Mildun áhættu útfrá faliðun fyrirtækjanna, loftslagsáhrifa og löggjafar

Auknar kröfur til sveitarfélagsins

Ný stefna og sjálfbærnumgjörð fyrir sveitarfélagið ásamt markmiðasetningu og aðgerðaráætlun sem styður við Græna iðngarða og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmiðin og Grænir iðngarðar

- 5** Auka fjölbreytni starfsfólks og tryggja virka þátttöku kvenna og stuðla að jöfnum tækifærum til að leiða ákvörðunartökur
- 6** Auka nýtingu auðlinda með samnýtingu og skilvirkari fráveitu
- 7** Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi
- 8** Auka framleiðni í atvinnulífinu með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun í sátt við umhverfi og samfélag
- 9** Stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun
- 11** Sjálfbær borgarþróun sem tryggir viðunandi búsetuaðstæður
- 12** Auka sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda, með samnýtingu og innleiðingu hringrásar
- 13** Auka viðnámsþol iðnsvæða og byggja upp mikilvægar mótvægisaðgerðir
- 17** Samvinna um stofnun og rekstur á grænum iðngarði



Lykil þættir árangurs

Helstu atriði til að ná árangri í grænum iðngörðum í Skagafirði

Forysta / Samstarf		Í hverju stóru verkefni þarf að setja skýra sýn og metnað – og viðhafa forystu til að draga lestina og feta veginn. Þá þarf að koma á farsælu samstarfi hagaðila svæðisins, s.s. fyrirtækja á svæðinu, lóðareigenda, sveitarfélags og annarra hagaðila.
Stýring / Umgjörð		Til þess að samræmast skilgreiningum Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna á grænum iðngarði þarf að skilgreina og veita stjórnunaraðila umboð, ásamt því að hanna og vinna eftir sjálfbærnumgjörð.
Innviðir / Fólk		Tryggja þarf aðgengi að grunnauðlindum, þ.e. rafmagni, hita og vatni. Leggja þarf meiri fjármuni í rannsóknir til þekkingar og þróun á tækni til að hægt sé að raungera og útvíkka möguleika á lykilverkefnum. Nægt fólk með hagnýta og sérstæða þekkingu þarf á svæðið.
Stuðningur / Hvatar		Leggja þarf áherslu á stuðning frá ríki og sveitarfélögum með því að tengja uppbyggingu á grænum iðngarði við viðhorf almennings, stefnu og áherslur stjórnvalda og kalla eftir jákvæðum hvötum.
Ímynd / Ásýnd		Leggja þarf áherslu á að ásýnd og markaðssetja jákvæð sjálfbærnimál í sveitarfélaginu.
Fjármagn		Til að byggja upp grænan iðngarð þarf að tryggja fjármögnun fyrir einstaka áfanga og innleiða í langtímaáætlun sveitarfélagsins eftir því sem við á.
Umhverfisáhrif		Umhverfisáhrif í sveitarfélaginu í dag eru í formi loftmengunar og losunar á gróðurhúsalofttegundum. Tryggja þarf að sjálfbærnumgjörðin og lykilverkefnið vinni að því bæta núverandi stöðu.

Vegferðin í stórum dráttum

Móta þarf sýn, metnað og tryggja forystu við að hagnýta tækifæri svæðisins. Í því felst m.a. að leiða orkuskipti og samþætta lykil atvinnugreinar, iðnað, sjávarútveg, landbúnað og ferðapjónustu með sjálfbærum hætti

Innviðir

Tryggja þarf aukið rafmagn inn á svæðið og undirbúa fólksfjölgun með uppbyggingu svæða og þjónustu.

1



3

Grænir iðngarðar

Undirbúa samstarfið og mynda hóp sem veitir vegferðinni forystu



2



Sjálfbær umgjörð

Fyrirtækin á svæðinu vinni í sínum sjálfbærnimálum til að uppfylla forkröfur græns iðngarðs



Innviðir

Skagafjörður er ríkur af auðlindum en tryggja þarf innviði fyrir vaxandi atvinnuuppbyggingu. Það virðist ljóst að raforka inn á svæðið er of lítil og fólksfjölgun er ekki í takt við aukna uppbyggingarþörf.



Sjálfbær umgjörð

Staða sjálfbærnimála stærstu fyrirtækja svæðisins er nokkuð góð en þó eru áskoranir í að uppfylla forkröfur grænna iðngarða þegar kemur að stjórnun, aðgerðum í loftslagsmálum og hringrásarhagkerfi.



Grænir iðngarðar

Ein helsta áskorunin tengd stofnun grænna iðngarða er forystan og að það náist að leiða saman lykil aðila. Algengt er að opinber aðili leiði verkefnið til að byrja með og í framhaldi sé stofnaður samstarfsvettvangur fyrirtækjanna sem tekur stýringuna áfram.

02

Grænir iðngarðar


Grænir iðngarðar í Skagafirði

Hvað er grænn iðngarður

Samkvæmt skilgreiningum Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna á grænum iðngarði þarf að vera til staðar umboð stjórnunaraðila, ásamt sjálfbærnumgjörð sem fylgt er við rekstur garðsins.

Slík umgjörð þarf að innihalda umhverfismál, félagslega þætti, hagsæld og stjórnarhætti.

Því öflugri sem umgjörðin og kröfur eru því öflugri er græni iðngarðurinn. Stöðugar umbætur og bestun eru mikilvæg.



Stöðugar umbætur og bestun					
Gull grænn	↑ ↑ ↑				
		Stjórnarhættir	Umhverfismál	Félagslegir þættir	Hagsæld
Silfur grænn	Auknar kröfur: Forsendur og árangur	<ul style="list-style-type: none"> Framfylgni og eftirfylgni með sýn garðsins. Skipulag og hönnun 	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstjórnunarkerfi og vöktun Orkustýring Úrgangsstýring Skilvirk auðlindanotkun Viðnámsþol svæðisins og náttúruauðlinda þess 	<ul style="list-style-type: none"> Félagsleg stýring og vöktun Félagslegir innviðir Stuðningur við nærsamfélög 	<ul style="list-style-type: none"> Atvinnutækifæri Stuðningur við nærsamfélagið, og lítil og meðalstór fyrirtæki
Brons grænn	↑ ↑ ↑				
Iðngarður	Gildandi lög og reglugerðir				

Stjórnun græns iðngarðs



Til þess að iðngarðsfyrirkomulagið skili sem mestum ávinningi fyrir fyrirtæki sem koma þar að, og tilætluðum ávinningi til samfélagsins, þarf að vera til staðar einhvers konar heildaryfirsýn og stjórnunarskipan fyrir garðinn sjálfan.

Stjórnunarlíkan

- Ákjósanlegt getur verið að nýta klasafyrirkomulag til þess að skilgreina hlutverk og stjórnun græns iðngarðs. Erlendar fyrirmyndir hafa nýtt sér mismunandi fyrirkomulag á stýringu, þ.e. stjórnarsamstarf fyrirtækja á svæðinu, stjórn af hálfu opinberra aðila, eða sjálfstæðan stjórnunaraðila.
- Stjórnunaraðili hefur það hlutverk að framfylgja stefnu og sýn garðsins.
- Hann getur einnig komið fram fyrir hönd iðngarðsins gagnvart ýmsum utanaðkomandi aðilum en einnig boðið upp á vettvang fyrir samskipti og samstarf aðila innan garðsins.
- Þá er það hlutverki stjórnunaraðila að vakta árangur garðsins við að ná settum markmiðum um umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega þætti.



Stjórnunarsamstarf fyrirtækjanna á svæðinu

- Fyrirtæki innan garðsins koma sér saman um stjórnun hans.
- Samstarfið getur verið forbundið, t.d. í formi félagsamtaka.



Stjórn af hálfu opinberra aðila

- Stjórnunaraðili er armur sveitarfélaganna þar sem iðngarðurinn er staðsettur eða jafnvel ríkisins.
- Kæmi aðallega til skoðunar ef uppbygging yrði að öllu leyti fjármögnuð með opinberu fé.




Sjálfstæður stjórnunaraðili

- Iðngarðurinn er sjálfstæður rekstraraðili sem byggir afkomu sína á að stýra iðngarðinum.
- Rekstraraðili líklega í eigu þeirra aðila sem fjármagna uppbyggingu.


Ávinningur - almennt

Árangurinn getur t.d. verið:

- Minni notkun hráefna, s.s. vatns, orku, efna
- Minni úrgangur vegna aukinnar hringrásar
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda og mengunar
- Betri stýring umhverfis-, félagslegra- og fjárhagslegra þátta
- Ný góð störf
- Aukin heilsa og öryggi starfsfólks
- Betri aðgangur að tækni
- Betri aðgangur að fjármagni
- Með stýringu garðsins næst fram bætt starfsemi einstaka fyrirtækja
- Aukin seigla samfélags og fyrirtækja
- Sameiginleg framsetning viðskiptahagsmuna
- Lækkaður rekstrarkostnaður, aukin skilvirkni og framleiðni



Ávinningur – í takt við stefnur ríkisins



Tenging græns iðngarðs við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

- Kolefnisgjald
- Loftlagssjóður
- Efling skógræktar
- Innlent endurnýjanlegt eldsneyti
- Rafvæðing fiskimjölverksmiðja
- Aukin innlend grænmetisframleiðsla
- Loftlagsvænni landbúnaður
- Orkuskipti í framleiðslugeirum
- Rafvæðing hafna
- Orkuskipti í þungaflutningum
- Orkuskipti í sjávarútvegi
- Innviðir fyrir vistvæn ökutæki

Tenging græns iðngarðs við stefnu í átt að hringrásarhagkerfinu

- Framþróun við meðhöndlun úrgangs frá stóriðju
- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs
- Að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs
- Að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun svo hann skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu

Ávinningur – aðgengi að fjármögnun


Bætt aðgengi að fjármagni á betri kjörum eins og dæmin sýna.

Fjármálafyrirtækin vilja vera afl til góðs í átt að sjálfbærni, og eru að leita að verkefnum.

Auknir möguleikar í fjármögnun og/eða lækkun á gjöldum¹:

- Styrkir frá ríkinu
- Styrkir frá Evrópusambandinu
- Græn lán frá bönkunum
- Skattaávilnanir frá hinu opinbera.

¹ Sjá viðauka fyrir nánari upplýsingar




Staða eftirspurnar – sjálfbær iðnaður

Mikil umhverfisáhrif

Losun Íslands vegna iðnaðar og efnanotkunar nam 44% af heildarlosun án LULUC (landnotkun og landbreyting) árið 2020, og myndar þar með stærsta liðinn.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 2020 án LULUCF



Þar að auki verður til úrgangur og mengun við iðnaðarframleiðslu, svo sem losun mengandi efna í andrúmslofti, vatni og jarðvegi. Á sama tíma þarf iðnaðarstarfsemi mikið magn af orku, vatni og örðum mikilvægum hráefnum.

Fiskiðnaður og orkuskipti

Eftirspurn eftir fiski frá Íslandi er mikil vegna gæða og er líkleg að hún aukist á næstu árum. Sjálfbærar sjávarafurðir eru mjög eftirsóttar og hefur íslenski fiskistofninn verið veiddur á sjálfbæran hátt til fjölda ára. Þá er fiskiðnaðurinn á Íslandi mjög tæknivæddur sem hefur leitt það að verkum að úrgangur hefur dregist mikið saman, en um 80% af fisknum er fullnýttur, í samanburði við 50-60% á heimsvísu. Talið er að eftirspurn eftir sjálfbærum fiski, bæði hvað varðar sjálfbærar veiðar og með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda, muni aukast.

Tækifærin til að minnka umhverfisáhrif í fiskiðnaði í Skagafirði liggja því í orkuskiptunum, en íslensk stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á aukna hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í skipum og rafvæðingu hafna.

Tækifæri fyrir Skagafjörð til að mæta eftirspurn um sjálfbæran sjávarútveg:

- Útgerð og landvinnsla
- Etanól og metanól framleiðsla
- Raftengdar hafnir
- Fullnýting sjávarafurða

Heimildir: Skýrsla [Umhverfisstofnunnar](#), stefna [Evrópusambandsins](#), [Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum](#)

Staða eftirspurnar – sjálfbær iðnaður frh.

Orkuskipti í iðnaði

Stjórnvöld telja nauðsynlegt að umfang samdráttar í olíunotkun í sjávarútvegi árið 2030 sé um 50-60% miðað við árið 2005. Mikil eftirspurn verður því eftir innviðum til orkuskipta og eldsneytistegunda í skip sem koma í stað jarðefna eldsneytis. Etanólframleiðsla sem eldsneyti fyrir skip er raunhæfur kostur á Sauðarkróki, en ráðast þyrfti í fjárfestingar til að gera breytingar á vélum skipa. Á sama hátt gæti t.d. framleiðsla á álrafhlöðum, sem unnið er að þróun á, fyrir sjávarútveg, aðrar atvinnugreinar og sem varaflstöðvar hraðað orkuskiptum bæði á sjó og landi. Til að greina umfang eftirspurnar þyrfti að ráðast í nánari greiningu á eldsneytisþörf fiskiskipa í Skagafirði og möguleika þeirra til að nýta endurnýjanlegt eldsneyti.

69-144 tCO₂i

samdráttur í losun GHG miðað við spá um þróun samkvæmt grunnsviðsmynd þarf að eiga sér stað þangað til 2030 fyrir landið í heild.

Árangursmælikvarði

Árleg notkun jarðefna eldsneytis í sjávarútvegi í Skagafirði



Tækifæri fyrir Skagafjörð til að verða leiðandi í orkuskiptum

- Etanól úr ostagerð
- Metanól unnið úr etanóli
- Vetnisframleiðsla á svæðinu
- Framleiðsla á álrafhlöðum
- Innviði til rafvæðingar hafna

Rafvæðing hafna

Stjórnvöld hafa auglýst styrki til innviðaverkefna vegna raftenginga og hitaveitna fyrir skip í höfn í því skyni að draga úr bruna jarðefnaeldsneytis. Þessar aðgerðir beinast að millistórum skipum, stórum togurum og þjónustuskipum. Þessir styrkir munu geta numið allt að 33% af útlögðum stofnkostnaði. Fram til þessa hefur verið lögð áhersla á uppsetningu lágpennuinnviða við rafvæðingu hafna, sem flest fiskiskip og önnur smærri skip geta nýtt þegar þau eru í höfn. Óviða eru þó til staðar tengingar fyrir skip sem hafa aflþörf yfir 500 kW. Greina þarf möguleika á uppsetningu háspennuvirkja í höfnum út frá mögulegum árangri og kostnaði, en þar er meiri óvissa um hagkvæmni og ávinning miðað við tilkostnað.

-11.000t

Áætlaður samdráttur í losun CO₂ miðað við spá um þróun samkvæmt grunnsviðsmynd fyrir landið allt.

Árangursmælikvarði

Fjöldi hafna þar sem heimafloti og þjónustubátar eru tengdir

Tækifæri fyrir Skagafjörð til að verða leiðandi í rafvæðingu hafna

- Uppsetning lágpennuinnviða
- Greining á uppsetningu háspennuvirkja og mögulegum árangri og kostnaði
- Auðvelda rafvæðingu hafna með því að nota umhverfisvænar varaflstöðvar

Staða eftirspurnar – sjálfbær skógrækt og landbúnaður

Loflagsvænni landbúnaður og matvælaframleiðsla

Mikil losun verður til á Íslandi vegna landbúnaðar. Á sama tíma mun íbúum á Íslandi fjölga á næstu árum og umsvif landbúnaður og matvælaframleiðslu því aukast hérlendis. Til að takast á við umhverfisáhrif landbúnaðar hafa íslensk stjórnvöld sett sér markmið um loftlagsvænni landbúnað, kolefnishlutleysi í nautgriparækt, aukna innlenda grænmetisframleiðslu, bætta fóðrun búfjár og bætta nýting áburðar.

Markmið

Að framleiðsla á íslensku grænmeti verði aukin um 25%, aukið fjármagn verði lagt í lífræna framleiðslu og að íslensk garðyrkja verði kolefnishlutlaus árið 2040

Aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda segir til

um:



+515%

Aukning í kolefnisbindingu og samdráttur í losun frá landi



-5%

Samdráttur í losun vegna landbúnaðar

Skógrækt

Á Íslandi hefur síðustu ár og áratugi verið stunduð öflug landgræðsla og skógrækt en með aðgerðaáætlun gegn loftlagsbreytingum er gert ráð fyrir stórauðinni kolefnisbindingu hér á landi og að dregið verði verulega úr losun frá landi.

Á sama tíma mun eftirspurn eftir vottuðum einingum vegna kolefnisjöfnunar aukast til muna. Greiningar á framtíðar eftirspurn á þessum vottuðum einingum sýnir að hún mun aukast það mikið að verðið á þeim geti hækkað margfalt á þessum áratug.

Tækifæri fyrir Skagafjörð

Innlend grænmetisframleiðsla

Efla skógrækt og fá vottaðar kolefniseiningar

Auka hringrás með því að nýta framleiðslu til notkunar í samfélaginu, t.d. úrgangur út grænmetisframleiðslu nýttur sem fóður fyrir landeldi

Staða eftirspurnar – sjálfbær ferðapjónusta

Framtíðarsýn Íslands

Í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðapjónustu til 2030 kemur m.a. fram að ferðapjónustan eigi að vera arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð og að Ísland eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun. Tækifærin fyrir Ísland liggja í að auka einstaka upplifun fyrir ferðamenn, bæta ávinning fyrir heimamenn, auka arðsemi og vernda umhverfið.

Tækifæri í Skagafirði

Mikil eftirspurn er eftir ferðapjónustu hér á Íslandi, og sýna spár um komu erlendra ferðamanna að aukning gæti orðið á næstu árum. Stefna Íslands um sjálfbæra ferðapjónustu býður því upp á mikil tækifæri fyrir ferðaiðnaðinn í Skagafirði.

69%

ferðamanna um allan heim
búast við framboði á
sjálfbærri ferðapjónustu

56%



ferðamanna vill leita til dreifbýlis, utan
alfaraleiða, í ferðum sínum



94%

Ferðamanna segir að það sé mikilvægt að vernda umhverfið, þar
af segja 53% að það sé þeim mjög mikilvægt

Heimildir: [Skýrsla](#) European Travel Commission



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Einstök upplifun

Baðstaður í fallegri og
ósnortinni náttúru í
Skagafirði utan alfaraleiða
fyrir ferða- og heimafólk.

Umhverfisvernd

Þar sem
hringrásarhagkerfi
lágmarkar öll
umhverfisáhrif – hægt yrði
að nýta hitaveituna í
rafmagnsframleiðslu en
úrgangsvatn úr böðunum
í landeldi.

Ávinningur fyrir heimamenn

Aukin lífsgæði fyrir
heimamenn með virkri
stýringu græns iðngarðs
til að styðja við dreifingu
ferðamanna

Arðsemi

Aukin framleiðni með betri
nýtingu auðlinda í
Skagafirði og aukinni
samkeppnishæfni vegna
sjálfbærrar ferðapjónustu

Tilgátur um græna iðngarða í Skagafirði



Grænir iðngarðar í Skagafirði hagnýta endurnýjanlega orku svæðisins, leiða orkuskipti og samþætta iðnað, sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu með sjálfbærum hætti.”



Hagnýting endurnýjanlegrar orku, sjálfbær ferðaiðnaður og landbúnaður

- Nýting á heitu vatni í Fljótum –baðstaður, hitaveita og landeldi
- Þörungarækt á Hólum

Leiðandi í orkuskiptum - sjálfbær sjávarútvegur og iðnaður - miðstöð Sauðárkrókur og nágrenni

- Almennur iðnaður
 - Steinull
 - Steypustöð
 - Alor – álraflöður
 - Koltrefjar
- Afurðavinnsla og fullvinnsla, s.s. gæludýrafóður og biogas
- Ostagerð - Etanól/Metanól
- Útgerð og landvinnsla – fiskur og rækja

Hagnýting á jarðhita og nálægð við dreifikerfi raforku – miðstöð Varmahlíð, Steinstaðir og nágrenni

- Garðyrkja - matvælamarkaður
- Trjárækt og hagnýting skógarafurða
- Gagnaver

Tilgátur um græna iðngarða í Skagafirði - framhald

Fljótin og nágrenni hagnýta endurnýjanlega orku og byggja upp sjálfbæran ferðaiðnað

- Góð jarðhitaborhola þar sem hitinn ætti að geta mannað 5-6þ manna byggð, fjöldi íbúa á Hofsósi er um 160 sem er næsti íbúakjarni innan sveitarfélagsins við borholuna. Hægt að nýta hitann jafnframt til að laða að ferðamenn í jarðböð og fullnýta svo með landeldi.

Á Sauðakróki getur verið sjálfbær iðnaður sem er leiðandi í orkuskiptunum

- **FISK/Dögun:** Mikil eldsneytisnotkun í skipunum og [þörf á orkuskiptum](#) (etanól frá ostagerðinni gæti verið notað með nýjum skipum). Fullnýting sjávarafurða á svæðinu er helsta tækifærið til að bæta umhverfisáhrifin.
- **Ostagerð:** Aukaafurð er mysa. Framleiðsla mysu er um 50milljón lítrar og er hægt að framleiða mysuprótein (350 tonn) og 2.200 tonn af mjólkursykri sem hægt er að framleiða etanól úr (um 1,5 milljón lítra). Etanólið er hægt að nota sem [eldsneyti](#) eða til framleiðslu á sterku víni. Orkumagnið sem er í 1,5 milljón lítrum af etanóli er fræðilega nóg til að standa undir veiðum á rúmum 5.000 tonnum af þorski, eða um 50% af árlegri framleiðslu FISK.
- **Alor:** Nýsköpunarfyrirtæki sem stefnir á að framleiða rafhlöður úr áli, eru á um 5-6 af 8 á tækniuppbyggingarskalanum. Allt hráefni yrði aðflutt, álið á Íslandi ekki nægilega hreint til að nota beint (það þarf álpynnuverksmiðju). Áætlanir um uppbyggingu á árunum 2024 – 2026 og hefja fjöldaframleiðslu 2026. Byggingarmagn um 50.000 m² og um 100-200 störf. Ekki þarf mikið rafmagn í framleiðsluna en það þarf að vera hægt að gera prófanir á rafhlöðunum og hlaða í 50%.

Varmahlíð og Steinstaðir getur verið miðstöð sjálfbærs landbúnaðar, skógræktar og garðyrkju

- Tækifæri fyrir Varmahlíð, Steinstaði og nágrenni felast í að auka nýtingu jarðhita, nálægð við þjóðveg 1 og megin dreifikerfi raforku og vera miðstöð svæðisins þegar kemur að landbúnaði, skógrækt, garðyrkju og hugsanlega uppbyggingu gagnavers.

03

Staða innviða og uppbyggingarþörf


Grænir iðngarðar í Skagafirði

Samantekt

Eftirspurn framleiðslu, sterkir framleiðslupættir ásamt skýrri stefnu, skilvirku skipulagi og öflugum stuðningsgreinum stuðla að samkeppnishæfni grænna iðngarða

Áskorun getur verið að fá nægt fólk til starfa í atvinnuuppbyggingu. Ljóst er að aukin raforkuþörf svæðisins kallar á betri tengingar inná svæðið eða framleiðslu raforku á svæðinu. Auka þarf einnig aðgengið að auðlindum eins og neysluvatni og heitu vatni þó auðlindirnar séu til staðar. Höfnin á Sauðárkróki er komin að þolmörkum. Sjá glærur 26 – 33.

Uppbygging grænna iðngarða krefst mikillar samvinnu og sterkar umgjarðar um sjálfbærnimál. Slík vinna kallar á stefnumótun sveitarfélags og fyrirtækja á svæðinu. Sjá glærur 35- 39 ásamt viðauka



Meðal útsvar í Skagafirði er hærra en meðaltals landsins og fer hækkandi. Á glærum 18 – 21 er farið yfir tækifæri til vaxtar í sjálfbærum iðnaði, ferðaiðnaði, landbúnaði og skógrækt, ásamt orkuskiptum.

Sterkt net tengdra greina í matvælaíðnaði hefur myndast með sterkri útgerð og landbúnaði. Tryggja þarf styrk stuðningsgreina, t.d. birgja og þjónustuaðila til að styðja við uppbyggingu. Þétt samstarf er hægt að mynda í tengslum við græna iðngarða í líkingu við uppsetningu árangursríkra klasa.

Skýringar

Framleiðslupættir: Framboð og hæfni vinnuafis, aðgengi að fjármagni, stöðu grunnstoða

Eftirspurn: Eðli markaðar, stærð og vaxtartækifæri.

Stefna og skipulag: Uppbygging og skipulag fyrirtækjanna í atvinnugreininni, stefna þeirra.

Tengdar greinar: Skilgreint samstarf og geta tengdra/stuðnings greina til að styðja við þróun.



Þörf á miklum úrbótum



Þörf á úrbótum



Staða viðunandi

Íbúapróun

Í dag búa 4.294 manns eða um 1,14% alls mannfjölda á Íslandi í Skagafirði en á þessu ári sameinaðist Akrahreppur Skagafirði og fjölgaði íbúum í sveitarfélaginu með því um 204.


Íbúum í Skagafirði hefur fækkað um 2,9% frá árinu 1999 og þar af hefur mestur fjöldi fært sig yfir á aðra landshluta.

Íbúum fór að fækka uppúr 2010 og var samfelld fækkun fram til ársins 2016. Þó virðist sem einhver viðsnúningur hafi orðið í þeirri þróun árið 2017 eins og sjá má í súluritinu hér til hliðar.

Frá árinu 2016 hefur íbúum í Skagafirði fjölgað um 188 að viðbættum 204 frá Akrahrepp eða sem nemur um 9,3%.


Þróun eftir svæðum hefur lítið breyst síðan árið 2016, þó hefur mikil aukning í íbúafjölda átt sér stað á Hólum í Hjaltadal eða um 70%.

Mannfjöldapróun eftir byggðakjörnum




Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun íbúafjölda í Skagafirði



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting á íbúafjölda Skagafjarðar 1998 - 2022



Heimild: Hagstofa Íslands


Íbúasamsetning og störf í Skagafirði

Íbúasamsetning í Skagafirði árið 2022 er sýnd hér til hliðar. Eins og sjá má er hlutfalli á milli aldurshópa nokkuð jafnt skipt. Samanborið við landið allt má sjá að hlutfallslega færri eru í aldurshópnum 20 til 39 ára í Skagafirði og fleiri eru eldri en 60 ára en á landinu öllu.

Fjöldi starfandi í Skagafirði var um 2.300 á árunum 2017 til 2021 eða í kring um 85% af fólki á vinnumarkaðsaldri. Þetta hlutfall lækkaði töluvert árið 2020 en í kjölfarið af COVID-19 misstu einhverjir einstaklingar vinnuna í Skagafirði líkt og annarsstaðar.

Fyrirtæki á svæðinu sem hafa mikil áhrif á störf í Skagafirði í dag eru til að mynda Kaupfélag Skagfirðinga (um 225 starfsmenn), Fisk Seafood (um 300 starfsmenn), Dögun (25 – 30 starfsmenn) og Steinull (35 – 40 starfsmenn).

Íbúasamsetning og samanburður við landið allt árið 2022			
	Skagafjörður (fj.)	Skagafjörður (%)	Landið allt (%)
0-19 ára	1.073	25%	25%
20 -39 ára	1.115	26%	30%
40 - 59 ára	1.042	24%	25%
60 ára og eldri	1.064	25%	21%



Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun

Framleiðsla – framlag til hagvaxtar


Heildar atvinnutekjur á norðurlandi vestra voru 24,0 ma.kr. árið 2020, þar af voru atvinnutekjur í Skagafirði 15,3 ma.kr., 5,0 ma.kr. vegna opinberrar stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu, um 2,1 ma.kr. vegna sjávarútvegs og 2,3 ma.kr. vegna verslunar, hótél og gististaða.

Líkt og sjá má á kökunni hér til hliðar er Skagafjörður mikið matvæla, framleiðsla, iðnaðar og ferðaþjónustu sveitarfélag og reiða íbúar sig á vinnu innan þessara helstu atvinnugeira ásamt vinnu við þjónustu og landbúnaðarstarfsemi, en bændasamfélagið er stórt í Skagafirði þrátt fyrir að framlag þess til tekna sé ekki hlutfallslega mikið.


Byggðastofnun metur meðal annars útsvarstofn og atvinnutekjur á mann sem mælikvarða til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði er horft á heildarútsvar svæðisins á móti fjölda starfandi einstaklinga á svæðinu til að leiða út meðalútsvar á hvert stöðugildi.

Útsvarstekjur á hvert stöðugildi hafa farið vaxandi með hverju ári. Meðalútsvarstekjur í Skagafirði eru og hafa verið yfir landsmeðaltali.

Hlutfallsleg skipting framlags atvinnugreina í Skagafirði 2020



Meðalútsvar á hvert stöðugildi



Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun

Mannfjöldaspá

Hagstofa Íslands birtir mannfjöldaspá sem gerir grein fyrir áætlaðri stærð og samsetningu mannfjölda í framtíðinni. Spáin er byggð á tölfræðilíkönum fyrir búferlaf lutninga, frjósemi og dánartíðni.

KPMG skoðaði mannfjöldaspá hastofunnar út frá tveimur mismunandi sviðsmyndum (miðspá og háspá) fyrir næstu fimm árin og næstu tíu árin.

Líkt og sjá má í töflunum hér til hliðar gerir landsmeðaltalsspáin ráð fyrir að mannfjöldi í Skagafirði vaxi um 15% næstu fimm árin og að mest fjölgun verði í börnum á leiksskólaaldri. Næstu tíu árin gerir landsmeðaltalsspáin ráð fyrir að mest fjölgun verði á eftirlaunaaldri.

Háspáin gerir ráð fyrir að íbúum í Skagafirði muni fjölga um 25% næstu 5 árin og að fjölgunin verði 21% næstu tíu árin. Til þess að Skagafjörður nái háspánni er mikilvægt að innviðir styðji við búferlaf lutninga til svæðisins. Þar að auki gæti jákvæð ásynnd svæðisins vegna sjálfbærs Skagafjarðar laðað fleiri íbúa að svæðinu.

Þróun aldurshópa miðað við landsmeðaltal					
Aldurshópur	Mannfjöldi	Mannfjöldaspá 2026	Fjölgun næstu fimm árin	Mannfjöldaspá 2031	Fjölgun næstu tíu árin
Leiksskólaaldur	297	370	24%	362	22%
Grunnskólaaldur	543	560	3%	569	5%
Framhaldsskólaaldur	235	280	19%	261	11%
Háskólaaldur	363	430	19%	383	6%
Atvinnumarkaðsaldur	2.179	2.484	14%	2.470	13%
Eftirlaunaaldur	677	812	20%	949	40%
Alls	4.294	4.936	15%	4.995	16%

Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun aldurshópa miðað við háspá					
Aldurshópur	Mannfjöldi	Mannfjöldaspá 2026	Fjölgun næstu fimm árin	Mannfjöldaspá 2031	Fjölgun næstu tíu árin
Leiksskólaaldur	297	461	55%	403	36%
Grunnskólaaldur	543	592	9%	627	16%
Framhaldsskólaaldur	235	297	26%	270	15%
Háskólaaldur	363	494	36%	401	10%
Atvinnumarkaðsaldur	2.179	2.687	23%	2.593	19%
Eftirlaunaaldur	677	837	24%	889	31%
Alls	4.294	5.368	25%	5.182	21%

Heimild: Hagstofa Íslands


Staða framleiðsluþátta - Veitur

Rafmagn

Megnið af raforku í Skagafirði er fengin frá Blönduvirkjun sem er með 150 MW afkastagetu. Í dag eru þrír virkjanakostir í Héraðsvötnum í biðflokki rammaáætlunar með samanlagða afkastagetu uppá 332 MW.

Megin tenging Sauðárkróks við flutningskerfi raforku er um Sauðárkrókslínur 1 og 2. Framkvæmdir hófust við Sauðárkrókslínu 2 í október 2019 og með því var flutningsgeta raforku til Sauðárkróks tvöfölduð og afhendingaröryggið bætt til muna.

Til þess að styðja við uppbyggingu í Skagafirði þarf þó að bæta afkastagetu flutningskerfa raforku en núverandi flutningskerfi býður ekki uppá mikla möguleika fyrir raforkufrek fyrirtæki vilji þau setjast að á svæðinu. Áætlun um að Blöndulína 3 verði fullkláruð árið 2027 ætti þó að styðja við uppbyggingu svæðisins en mikilvægt er að huga að umhverfisáhrifum við byggingu línunnar.



Vatn



Aðgengi að heitu og köldu vatni á svæðinu er gott en hvergi annarsstaðar á Íslandi eru fleiri dreifibýlisveitur. Mikið af neysluvatni er notað í iðnað sem ekki er hægt að skipta í iðnaðarvatn vegna gæðakrafna. Fljótin vanta neysluvatn og auka þarf getu hitaveitu í varmahlíð, en borað verður eftir því í sumar. Stutt er í að það vanti heitt vatn á Sauðárkrók, bora þarf eina holu í viðbót.

Bilanatíðni veitna á svæðinu er í hærra lagi, á tímabilinu 2018 til 2022 eru skráðar bilanir/viðgerðir á veitum í Skagafirði 38 talsins.

Orkuskipti – dæmi - álfraflöðuframleiðsla og innviðapörf

Alor er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að þróun á álfraflöðum. Miðað við stöðuna á tækniþróun hjá Alor gæti uppbygging verið á árunum 2024-2026 þar sem fjöldaframleiðsla hefst á árinu 2026. Eðlilegt væri að byggja upp í fösum, þar sem hægt er að gera ráð fyrir um 100-150 framleiðslulínur þegar fjöldaframleiðsla er náð.

Geymslugeta framleiddra rafhlöðum á ári gæti numið allt að 10 – 20 GWh.

Helstu þarfir framleiðslunnar:

- 50.000m² af landsvæði.
- 100-200 starfsfólk.
- Hita og vatnsnotkun er lítil, og frárennsli lítið og ómengandi.
- Litla raforku þarf í framleiðsluna sjálfa en hlaða þarf rafhlöður í 50% áður en þau fara til kaupanda.
- Til að svara þeirri þörf þyrfti um 3MW af raforku, en ef framleiðslan er sjálf með öflugum rafhlöðum til að taka álag væri hægt að minnka í um 0,6MW og ekki þyrfti að vera kröfur á afl og spennu útfyrir það sem eðlilegt er.

Orkuskipti – dæmi - álraflöðuframleiðsla og innviðapörf (frh.)

Líkleg sviðmynd uppbyggingar er eftirfarandi:

Ár	Framleiðslulínur (stk)	Landssvæði (m ²)	Stafsfolk (stk)	Raforkubörf (GWh)	Aflbörf (MW)
2024	20	10.000	20	1	0,3
2025	50	20.000	60	2,5	0,7
2026	100	35.000	100	5	(1,4) 0,3*
2027	150	50.000	200	10	(2,8) 0,6*
2030	200	70.000	300	20	(5,6) 1,2*

*Lagt er upp með að framleiðslan væri með sína eigin rafhlöðu til að taka afltoppana árið 2026

Helstu áskoranir uppbyggingarinnar er að fá viðeigandi landsvæði sem er með stækkunarmöguleika í 50.000m² – 70.000m². Nægt starfsfolk til að vinna í framleiðslunni og tryggja góða þjónustu við það starfsfolk. Einnig er áskorun að fá nægt afl inná svæðið þar sem önnur fyrirtæki á svæðinu eru í stækkunarhugleiðingum. Blöndulína 3 kemur 2027 sem gæti verið nokkuð seint. Hinn valkosturinn væri að fara í raforkuframleiðslu á svæðinu.

Eftirfarandi uppsett afl þyrfti í raforkuvinnslu á svæðinu til að svara þörf fyrir framleiðslu á álraflöðum.

Ár	Vatnsfallsvirkjun (MW)	Jarðvarmavirkjun (MW)	Vindorkuver (MW)
2024	0,3	0,3	1,2
2025	0,7	0,8	3,0
2026	(1,5) 0,3*	(1,6) 0,3*	(6,0) 1,2*
2027	(2,9) 0,6*	(3,3) 0,7*	(12,1) 2,5*
2030	(5,8) 1,2*	(6,5) 1,3*	(24,2) 5,0*

*Lagt er upp með að framleiðslan væri með sína eigin rafhlöðu til að taka afltoppana árið 2026

Annað sem hægt væri að gera að er nýta etanólíð í raforkuframleiðslu en miðað við mögulega framleiðsluna á svæðinu væri hægt að vera með um 3,5MW virkjun.

Staða framleiðsluþátta - Samgöngur

Sauðárkrókshöfn er í dag komin að þolmörkum og ætli sveitarfélagið sér að trekkja að ný fyrirtæki og meiri ferðapjónustu er þörf á stækkun hafnarinnar.

Þar að auki eru tækifæri til úrbóta er kemur að raforkuaðstöðu fyrir skipaflota og orkuskipti.

Leyfileg stækkun á höfninni er 20.000 m² og myndi stærri höfn bjóða uppá meiri möguleika fyrir atvinnuuppbyggingu, bæði hvað varðar ferðapjónustu og framleiðslu.

Í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins er meginhluti íbúðarbyggðar í göngufæri og er því mikilvægt að sveitarfélagið styðji við umhverfisvæna ferðamáta með uppbyggingu á göngu og hjólastígum.

Sjóflutningur

Tvær hafnir eru í Skagafirði, á Sauðárkróki og Hofsósi. Þar að auki eru fjórar smábátahafnir utan þéttbýlis. Í dag er höfnin á Sauðárkróki að mestu notuð af Fisk Seafood og gámaskipum á vegum Eimskip og Samskip.

Ef allur skipafloti Fisk Seafood væri í landi í einu yrði ekki pláss fyrir flutnings- eða skemmtiferðaskip að höfninni.

Vegasamgöngur

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum Skagafjörð við Varmahlíð. Sauðárkrókur er í um 20 mínútna akstursfjarlægð og Fljótin í um klukkustundar akstursfjarlægð frá Varmahlíð.

Vegir að helstu þéttbýlisstöðum Skagafjarðar eru víðast hvar í góðu ásigkomulagi en staðbundin úrbótatækifæri þó til staðar.

Almenningsamgöngur

Strætó keyrir í gegnum Varmahlíð og Sauðárkrók tvisvar á dag nema á fimmtudögum og laugardögum eru ferðir einu sinni á dag.

Sveitarfélagið býður uppá skólaakstur fyrir þau börn sem ekki búa í göngufæri við leik og grunnskóla í Skagafirði

Flug

Alexandersflugvöllur er staðsettur um fjóra kílómetra frá Sauðárkrók.

Flugvöllurinn er vel staðsettur þar sem aðflug er gott, fjörðurinn víður og lítið um hindranir.

Engin áætlanarflug eru til og frá svæðisins í dag en þau hafa verið árstíðarbundin með styrkjum frá ríkinu.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir tveimur jarðgöngum sem myndu tryggja öruggari samgöngur, þá sérstaklega yfir vetrarmánuðina en fjallavegurinn yfir Öxnadalshéið er oft á tíðum ófær.

Göng á milli Hjaltadals og Hörgárdals myndu því styðja við uppbyggingu á svæðinu og minnka hindranir vegna veðurfars.

Göng milli Siglufjarðar og Fljóta myndu tryggja öruggar samgöngur við Fjallabyggð.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er stefnt að því að flugvöllurinn uppfylli kröfur til að þjóna hlutverki varafflugvallar í áætlunarflugi innanlands.

Mikilvægt er að flugvöllur sé á svæðinu sem stenst kröfur til þess að styðja við uppbyggingu. Með rafvæðingu flugvéla í innanlandsflugi gefur færi á auknum flugferðum og bættum tengingum við svæðið.

Staða framleiðsluþátta - Þjónusta

Heilbrigðisþjónusta

